

## L Ö G

## um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. 1. nr. 69/1985, bætist ný mgr. er verður 4. mgr. og orðast svo:  
Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir og skal hann vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

3. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. 1. nr. 61/1985, orðast svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn.

Ráðherra skipar þrjá dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Dýralæknar skulu frá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna og er þeim óheimilt að taka hærrí greiðslu fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1989.*

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.  
(L. S.)

Guðmundur Jónsson.

---

Steingrímur J. Sigfússon.